

# Áfangalýsing

<b>Titill</b>	<b>Dómgæsla</b>
<b>Námsgrein</b>	Val
<b>Viðfangsefni</b>	Dómgæsla-Boltagreinar
<b>Skammstöfun</b>	DÓMA2BG02
<b>Staða</b>	
<b>Þrep</b>	2
<b>Einingafjöldi</b>	2
<b>Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla</b>	DÓMA2BG02
<b>Lýsing</b>	<p>Þessi áfangi gefur innsýn inn í grunnatriði knattspyrnudómgæslunnar, fer yfir knattspyrnulögin, ábyggð knattspyrnudómara ásamt verklegum æfingum innandyrna og dómgæslu knattspyrnuleikja í nærumhverfinu. Þetta ætti að undirbúa alla áfanganum í að taka fyrstu skrefin sem knattspyrnudómari en um leið gefa aukna innsýn inn í krefjandi starf knattspyrnudómara og gefa fleiri þátttakendum íþróttafélaga kost á að halda áfram í knattspyrnuhverfinu þegar ferlinum lýkur og sporna þannig við brottfalli. Gert er ráð fyrir að kennt sé í sex lotum yfir önnina ásamt því að nemendur þurfa að dæma leiki undir eftirliti kennara frá KSÍ.</p>
<b>Forkröfur</b>	
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Knattspyrnulögunum og túlkun þeirra</li><li>• Hvernig myndbandsdómgæsla nýtist í knattspyrnu og þekkingu á notkun hennar</li><li>• Hlutverki knattspyrnudómara og hvað þarf til þess að gerast slíkur</li><li>• Hvernig skal undirbúa sig undir krefjandi starf knattspyrnudómara</li></ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Stjórna knattspyrnuleikjum í yngri flokkum hjá börnum yngri en 12 ára.</li><li>• Nota jákvæð og skýr samskipti við börn við stjórnun knattspyrnuleikja og efla leiðtogahæfni sína</li></ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Stýra knattspyrnuleikjum af öryggi og festu hjá börnum yngri en 12 ára</li><li>• Haldið uppi röð og reglu og haft góða leikstjórn í leikjum yngri flokka</li></ul>
<b>Námsmat</b>	<p>Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samráði við kennara frá KSÍ. Námsmat mun samanstanda af:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Skriflegu prófi úr lögum leiksins (70% lágmarkseinkunn)</li><li>• Prófi úr klippum frá UEFA</li><li>• Prófi úr klippum vegna mats á rangstöðu</li><li>• Frammistöðu í verklegum æfingum</li><li>• Ástundun</li><li>• Mætingu</li></ul>

<b>Útgáfunúmer</b>	
<b>Skólar</b>	
<b>Fyrirmynd</b>	